

 Husqvarna

VIKING®



LEIÐARVÍSIR

H | CLASS™ E10

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR


Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálar svæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).



Til hamingju!

Sem eigandi nýrrar saumavélar E 10, munt þú njóta fallegra sauma á öllum efnum, hvort sem þú þarft að sauma þykk denim efni eða örfínt silki.

Þessi saumavél er mjög auðveld í notkun en við biðjum þig samt sem áður að lesa þennan leiðarvísir til að hafa sem best not af þessari frábæru vél.


Við mælum með því að þið lesið leiðarvísinn áður en þið byrjið að nota vélina, og best er að hafa vélina fyrir framan ykkur þannig að þið skiljið betur það sem verið er að tala um.

Til að þið séuð alltaf með bestu og nýjustu tækni áskilur framleiðandinn sér rétt til að breyta vélinni hvort sem það er í útliti, hönnun, fylgihlutum eða í tæknilegu tilliti ef hann telur það verða til bóta fyrir viðskiptavininn.


INNIHALD

HELSTU HLUTIR VÉLARINNAR	5
FYLGIHLOTIR	7
HÓLFINU FYRIR FYLGIHLOTI KOMIÐ FYRIR.....	8
VÉLIN TENGD VIÐ RAFMAGN 9	
FÓTMÓTSTAÐAN	9
LJÓSIÐ	9
SKIPT UM PERU.....	10
TVEGGJA ÞREPA FÓTLYFTIR/STILLING Á FÓTÞRÝSTING	11
FÓTHALDAN SETT Á	12
SPÓLAÐ Á SPÓLUNA.....	13
SPÓLAN SETT Í	14
NÁLIN SETT Í VÉLINA	15
ÞRÆÐING Á YFIRTVINNA	16
TVINNASPENNAN	17
UNDIRTVINNANUM NÁÐ UPP.....	18
AFTURÁBAK SAUMUR/EFNIÐ FJARLÆGT/TVINNINN KLIPPTUR	19
GRÓFLEIKI NÁLAR OG GRÓFLEIKI TVINNA FYRIR ÁKVEÐIN EFNI	20
BEINN SAUMUR	21
ZIK ZAK SAUMUR	22
HNAPPAGÖT	23
BLINDFALDUR.....	25
RENNILÁSAR OG MIÐSEYMI	26
3-ÞREPA ZIK ZAK	27
VAL Á SAUMUM	28
VIÐHALD	29
GANGTRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM.....	30


HELSTU HLUTIR VÉLARINNAR



1. Stillir fyrir tvinnaspennu
2. Stillir fyrir fótprýsting
3. Þráðgjafi
4. Tvinnahnífur
5. Saumfótur
6. Stingplata
7. Hólf fyrir fylgihluti
8. Spólustoppari
9. Stillir fyrir sporlengd
10. Skjár fyrir sauma
11. Handfang fyrir afturábaksaum




- 12. Keflispinni
- 13. Spólari
- 14. Gat fyrir aukalegan keflispinna
- 15. Handhjól
- 16. Valhnappur fyrir sauma
- 17. Aðalrofi
- 18. Tengill fyrir rafmagn
- 19. Stýring fyrir spólutvinna
- 20. Stýring fyrir yfirtvinna
- 21. Handfang
- 22. Fótlyftir




- | | |
|----------------------------------|------------------|
| 1. Alhliða saumfótur | 11. Jaðarstýring |
| 2. Rennilásafótur | 12. Spólur (3x) |
| 3. Flatsaumsfótur | 13. Ístoppsplata |
| 4. Blindsaumsfótur | 14. Filtskífa |
| 5. Hnappagatafótur | |
| 6. L-skrúfjárn | |
| 7. Sprettihnífur / bursti | |
| 8. Aukalegur keflispinni | |
| 9. Skífur fyrir tvinnakefli (2x) | |
| 10. Nálarpakning | |

HÓLFINU FYRIR FYLGIHLUTI KOMIÐ FYRIR

Haldið hólfinu láréttu og ýtið því inn eins og örin sýnir. (1)



Til að opna það lyftið þar sem örvaroddurinn sýnir. (2)



Ath: H|CLASS™ E10 saumavélin er hönnuð með tilliti til þess að hún sé notuð við algengan herbergishita. Mikill hiti eða mikill kuldi getur haft áhrif á saumaárangurinn.


VÉLIN TENGD VIÐ RAFMAGN

Tengið vélina við rafmagn eins og myndin sýnir. (1)



Athugið:

Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar ekki er verið að nota hana.



Fótmótstaðan

Með fótmótstöðunni er hraði vélarinnar ákvarðaður. (3)



Athugið:

Hafið samband við fagmann ef þið eruð



í vafa um hvernig tengja eigi vélina við rafmagn eða ef skipta þarf um kló á rafmagnssnúrunni. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar ekki er verið að nota hana. Vélina verður alltaf að nota með fótmótstöðunni.

Fyrir USA og Kanada, 110-120V: KD-1902

Fyrir Ástralíu og Evrópu, 220-240V: KD-2902

Ljósið

Ýtið á aðalrofann (A) bæði fyrir rafmagn og ljós. ("I")



SKIPT UM PERU





Athugið: Takið vélina úr sambandi við rafmagn.

Notið aðeins sömu gerð af peru og var í vélinni þ.e.a.s. 15 watta peru (220-240V).


- Losið sknúfu (A) eins og sýnt er á myndinni. (1)
- Fjarlægið lokið (B).
- Fjarlægið peruna og setjið nýja peru í (C). (2)
- Setjið lokið aftur á sinn stað og herðið skrúfuna.

Ef einhver vandamál koma upp, þá hafið samband við Husqvarna þjónustuna.



TVEGGJA ÞREPA FÓTLYFTIR

Þegar þið saumið mörg lög af efnum eða þykk efni, þá er hægt að lyfta saumfætinum aðeins hærra til að koma efnunum undir fótinn. (A)




STILLING Á FÓTÞRÝSTING

Þrýstingurinn á saumfótinn hefur verið fyrirfram stilltur á ákveðið gildi og þarfnast yfirleitt ekki neinna breytinga fyrir flest efni hvort sem þau eru þunn eða þykk.

Hinsvegar, ef þið þurfið að breyta fótþrýstingnum getið þið gert það með því að nota smápening til að snúa skrufunni.

Þegar þið saumið mjög þunn efni, losið þið aðeins á þrýstingnum með því að snúa skrufunni rangsælis. en fyrir mjög þykk efni herðið þið á henni með því að snúa henni réttisælis og þar með auka þrýstinginn á efnin.



FÓTHALDAN SETT Á

Fóthaldan sett á

Lyftið fótstönginni (a). (1)

Setjið fóthölduna á (b) eins og myndin sýnir.

Saumfóturinn settur á

Lækkið fóthölduna (b) þar til úrtakið (c) er beint fyrir ofan pinnann á saumfætinum (d). (2)

Lyftið fóthöldunni.(e).

Lækkið fóthölduna (b) og saumfóturinn (f) smellur sjálfkrafa á sinn stað.

Saumfóturinn fjarlægður

Lyftið saumfætinum. (3)

Lyftið fótlyftinum (e) og fóturinn dettur af.

Jaðarstýringin sett á


Setjið jaðarstýringuna (g) í raufina á fóthöldunni eins og sýnt er.

Stillið fjarlægðina að eigin ósk fyrir falda, fellingar, bútaaum o.s.frv. (4)



Athugið:

Slökkvið á aðalrofanum (á "O") þegar þið eruð að vinna við eitthvað af ofantöldu.



SPÓLAÐ Á SPÓLUNA

Setjið tvinnakefli og skífu fyrir framan það á keflispinnann (1).

- Fyrir minni kefli notið þið minni skífuna fyrir framan keflið (2).

- Þræðið tvinnann réttisælis í kring um spennudiskana (3).

- Þræðið spóluna eins og sýnt er og setjið hana á spólarann (4).





- Ýtið spólunni til hægri (5).

- Haldið í tvinnaendann (6).

- Stígið á fótmótstöðuna (7) til að spóla á spóluna.

- Klippið tvinnann (8).

- Ýtið spólaranum til vinstri (9) og fjarlægið spóluna.



Athugið:






Þegar spólarinn er í "spólunarstöðu", er ekki hægt að sauma á vélina og handhjólið snýst ekki.

Til að byrja að sauma þarf að ýta spólaranum til vinstri (saumastaða).

SPÓLAN SETT Í VÉLINA

Þegar þið setjið spóluna í eða takið hana úr vélinni verður saumfóturinn og nálin alltaf að vera í efstu stöðu.

1. Opnið lokið.
2. Haldið um spóluhúsið með annarri hendi og setjið spóluna þannig í það að tvinninn renni af spóluinni réttsælis (sjá örina).
3. Þræðið tvinnann undir spennifjöðrina.
4. Haldið um fjaðrandi lokuna.
5. Setjið spóluhúsið í gríparann.



Athugið:


Slökkið á aðalrofanum ("O").

NÁLIN SETT Í

Skiptið ávallt um nál ef tvinninn slitnar eða ef vélin hleypur yfir.

Setjið nálina í eins og myndirnar sýna.

- A. Losið skrufuna í nálarhöldunni og herðið hana aftur þegar ný nál er komin í hölduna. (1)
- B. Flati kanturinn á nálarleggnum á alltaf að snúa frá ykkur.
- C/D. Setjið nálina ávallt eins hátt og hún kemst í hölduna.




Athugið:

Slökkvið á aðalrofanum ("O").

Nálarnar verða ávallt að vera í fullkomnu lagi. (2)

Vandamál geta komið upp ef:

- A. Nálin er bogin
- B. Nálaroddurinn er oddlaus
- C. Nálaroddurinn er boginn



YFIRTVINNINN ÞRÆDDUR

Þræðing vélarinnar er auðveld, en samt er mjög nauðsynlegt að hún sé framkvæmd á réttan hátt til að forðast vandamál.









- Byrjið á því að setja nálina í efstu stöðu (1), og lyftið saumfætinum til að losa á skífumum í yfirtvinnaspennunni. (2)



Athugið:

Til öryggis ráðleggjum við ykkur að slökkva á aðalrofranum á meðan þið þræðið tvinnann.

- Lyftið keflispinnann upp á við. Setjið tvinnakefli á keflispinnann og gætið þess að tvinninn renni af því eins og sýnt er á myndinni. Fyrir lítil tvinnakefli setjið þið lítila skífu fyrir framan tvinnakeflið. (3)
- Þræðið tvinnann fyrst í fyrstu þræðilykkjuna. (4)
- Þræðið tvinnann síðan í kring um tvinnastýringu (5) og togið í hann þannig að hann fari í gegn um gorminn í forspennunni eins og sýnt er.
- Þræðið síðan á milli diskanna í yfirtvinnaspennunni með því að fara með tvinnann niður eftir hægri raufinni og síðan upp þá vinstri (6).
Á meðan þið framkvæmið þetta er gott að halda lauslega við tvinnann á milli tvinnakeflisins og fyrstu stýringar. (4).
- Næst leggið þið tvinnann hægra megin frá og til vinstri í raufina á þráðgjafanum og síðan niður raufina á ný. (7)
- Þræðið tvinnann síðan fyrir aftan mjóa vírinn sem er á nálarhöldunni (8) og síðan í nálina sem þið þræðið framan frá og aftur. Togið 15-20 cm af tvinna og leggið hann aftur undan saumfætinum. Þið getið klippt tvinnann með innbyggða tvinnahnífum. (9)




TVINNASPENNAN


Grunnstilling á tvinnaspennunni er á móts við: "4"

Til að auka spennuna snúið þið stillinum á hærri tölu.

Til að minnka spennuna stillið þið spennuna á lægri tölu.



- A. Rétt tvinnastilling - efri og neðri tvinnarnir mætast í miðju efninu
- B. Efri spennan of laus - efri tvinninn myndar "lykkjur" á röngunni
- C. Efri tvinninn of stífur - undirtvinninn kemur eins og "lykkja" á réttunni




Ath:

Yfirleitt þarf ekki að vera að breyta tvinnastillingunum, en það fer allt eftir efnum, nál og tvinna.


UNDIRTVINNANUM NÁÐ UPP

Haldið um yfirtvinnann með vinstri hendinni. Snúið handhjólinu fram á við þar til nalin hefur farið niður og kemur upp aftur (1)



Togið lauslega í yfirtvinnann til að ná undirtvinnanum upp í gegn um stingplötugatið.


Setjið báða tvinnaendana aftur undan saumfætinum. (2)



ATURÁBAK SAUMUR


Við lok saums, ýtið þið lauslega á afturábak handfangið og saumið nokkur spor afturábak til að "hefta fyrir" sauminn.

Um leið og þið sleppið handfanginu saumar vélin áfram á ný. (1/A)




EFNIÐ FJARLÆGT

Snúið handhjólinu fram á við til að setja þráðgjafann í efstu stöðu, lyftið saumfætinum og takið efnið aftur undan fætinum. (2)



TVINNINN KLIPPTUR

Haldið í tvinnana fyrir aftan saumfótinn með báðum höndum og setjið þá í tvinnahnífinn (B) og togið niður á við (3) til að klippa þá.



HEPPILEGUR NÁLARGRÓFLEIKI / EFNI / TVINNI

NÁL, EFNI, TVINNAVAL

NÁLARGRÓFLEIKI	EFNI	TVINNI
65-75	Punn efni - þunnt léreft, silki, interlock þrjón, baðmullarþrjón, undirfataefni, jerssey, krep, ofin gerfiefni, skyrtu og blússuefni.	Frekar fínn baðmullartvinni, nylon eða gerfitvinni.
80	Meðalþunn efni - baðmull, satín, tvöfalt þrjón og þunn þrjónaefni.	Flestar tvinnagerðir sem seldar eru henta fyrir þessi efni og nálargrófleika. Best er að nota gerfitvinna á gerfiefni og baðmullartvinna á ofin náttúruleg efni. Notið ávallt sama tvinna sem yfir og undirtvinna - alla vega má undirtvinninn aldrei vera grófari en yfirtvinninn.
90	Meðalþykk efni - baðmullardúkur, ullarefni, grófara þrjón, frottéefni, denim.	
100	Gróf efni - ullarefni, tjalddúkur, gallabuxnaefni, bólsturefni (þunn til meðalþykk).	
110	Gróf ullarefni, frakka og kápuefni, bólsturefni, sum leður og vinyl efni.	
		Mjög grófur tvinni, teppagarn. (Aukið þrýsstinginn á saumfótinn og hafið yfirspennuna stífari.)

ÁRÍÐANDI: Veljið réttan nálargrófleika fyrir tvinnann og efnið sem nota á

NÁL, VAL Á EFNI

NÁLAR	ÚTSKÝRING	TEGUND AF EFNI
15×1/705 H	Venjulegar nálar með kringlóttum oddi. Í grófleikum 65 til 110	Náttúruleg ofin efni - ull, baðmull, silki o.s.frv. Henta ekki fyrir tvöfalt þunnt þrjón.
15×1/705H(SIN)	Svo til kúluoddur, . rauf í grófleikum 65-110.	Náttúruleg og ofin gerfiefni, blönduð efni, þrjón úr gerfiefnum, nærfataefni, trikot og einfalt og tvöfalt þrjón. Má einnig nota í stað 15×1/705H á öll önnur efni.
15×1/705H (SUK)	Algjör kúluoddur í grófleikum 65-110.	Peysuefni, Lycra, sundfatnaður og önnur teygjanleg efni.
130 PCL	Leðurnálar í grófleikum 70-110	Leður gerfiefni, bólsturefni. (Skilja eftir sig aðeins minni göt en venjulegar nálar.).

BEINN SAUMUR


Beinn saumur með nálarlegu í miðju

Snúið valhnappnum þannig að "A" sjáist í glugganum fyrir saumana.

Smellið venjulega saumfætinum á fótstöngina.

Stillið sporlengdina með því að snúa sporlengdarstillinum á ákveðna lengd. Venulegasta stillingin er 2,5.

Til að nota styrkta þrefalda beina sauminn, snúið þið sporlengdarstillinum á "S1".




Beinn saumur með nálarlegu til hægri

Snúið valhnappnum þannig að "B" sjáist í glugganum fyrir saumana.

Stillið sporlengdina með því að snúa sporlengdarstillinum á þá lengd sem þið viljið nota.

Til að nota styrkta þrefalda beina sauminn, snúið þið sporlengdarstillinum á "S1".



Við mælum með eftirfarandi sporlengdum:

2.0 fyrir þunn efni

2.5 fyrir meðalþunn eða meðalþykk efni

3.0 fyrir gróf efni

4.0-5.0 fyrir þræðispor

S1 fyrir teygjanleg efni

ZIK ZAK SAUMAR

Snúið valhnappnum þannig að “C”-zik-zak sjáist í glugganum fyrir saumana. Með því að snúa stillinum meira eða minna verður zik zak sporið breiðara eða mjórra.


Smellið venjulega saumfætinum á fóthölduna.

Aðgerðir með sporlengdarstilli þegar saumað er zik zak


Zik zak sporið verður þéttara þeim mun nær sem þið stillið á “0”.

Zik zak saumar eru venjulegast saumaðir með sporlengd “2.5” eða minni.

Mjög þétt zik zak spor (sporin liggja þétt saman) er venjulegast kallaður flatsaumur eða satin-saumur.



Stillir fyrir sporlengd



HNAPPAGÖT

Undirbúningur

Veljið hnappagat með valhnappnum fyrir saumana.

Smellið hnappagatafætinum á fóthölduna.

Stillið sporlengdina á milli "0.5" - "1".

Þéttleiki sporanna fer eftir þykkt efnisins.

Ath: *Saumið ávallt prufuhnappagat á afgangsefni.*

Undirbúningur á efni

Mælið þvermálið á tölunni og bætið við málið ca. 0.3 cm fyrir heftingarnar. Ef þið eruð með mjög þykka tölu þarf að bæta meira við málið á þvermáli tölunnar. Merkið fyrir staðsetningu og lengd hnappagatanna á efnið. Staðsetjið efnið þannig að nálin sé á móts við merkið sem er fjærst ykkur. Togið hnappagatafótinn að ykkur eins langt og hann kemst.

1. Veljið hnappagat með valhnappnum. Snúið valhnappnum á (1) "1". Saumið á meðalhraða þar til þið komið að seinna merkinu.

2. Snúið valhnappnum á (2, 4) "2" og saumið 5-6 heftingarspor.







3. Snúið valhnappnum á (3) "3" og sumið vinstri rauf hnappagatsins að merkinu sem er fjær ykkur.

4. Snúið valhnappnum á (2, 4) "2" og saumið seinni heftinguna.

Fjarlægið efnið undan saumfætinum.

Togið eða þræðið yfirtvinnann niður á rönguna og hnýtið yfir og undirtvinnann saman. Skerið hnappagatið síðan með sprettihnífnum, en gætið þess að skera ekki í hnappagatið sjálft. (tilvalið að setja tituprjóna þversum í heftingarnar).

Stillir frir sporlengd



Ráð

- Losið aðeins á yfirtvinnaspennunni þannig að sporin verði fallegri á réttunni.
- Setjið undirleggsefni undir efnin ef um þunn eða teygjanleg efni er að ræða.
- Fyrir hnappagöt á teygjanleg og þrjúnuð efni er nauðsynlegt að sauma yfir perlugarn til að ekki teygist á hnappagötunum. (5)

BLINDFALDUR

Fyrir falda á gardínur, buxur, pils o.fl.

Veljið  Blindföldun fyrir teygjanleg efni.

Veljið  Blindföldun á ofin efni.

Smellið blindföldunarfætinum á fóthölduna. (1)

Sporlengd 1.5-2.5

Ath:

Það þarf smá æfingu til að sauma blindfalda.

Saumið ávallt þrúfusaum á afgangsefni.




Brjótið efnið eins og myndin sýnir og látið rönguna snúa upp. (2)

Setjið efnið undir fótinn. Snúið handhjólinu fram á við með hendinni þar til nálin sveiflast til vinstri. Þá ætti hún rétt að grípa í faldbrúnina. (3)

Stillið stýringuna á fætinum (4) með því að snúa hnappnum (5) þannig að stýringin rétt haldi við faldinn.


Saumið hægt með því að stíga varlega á fót móttstöðuna um leið og þið stýrið efnið meðfram brúninni á stýringunni.

Stillir fyrir sporlengd



Rangan

Réttan



RENNILÁSAR OG MIÐSEYMI

Stillið vélina eins og sýnt er. (1)




Rennilásafætinum er hægt að smella vinstra eða hægra megin á fóthölduna, eftir því hvora hliðina á lásnum er verið að sauma. (2)

Til að sauma framhjá lásnum sjálfum látið þið nálina standa ofan í efninu, lyftið saumfætinum og ýtið lásnum sjálfum aftur fyrir saumfótinn. Setjið fótinn síðan aftur niður og haldið áfram að sauma.


Með þessum fæti er einnig hægt að sauma snúru inn í mjóa skáskorna efnisrenninga og búa til miðseymi. (3)

Stillið sporlengdina á milli "1" - "4" (allt eftir efnisþykktinni).


Stillir fyrir sporlengd



1



2



3

ÞRIGGJA ÞREPA ZIK ZAK


Saumaðar blúndur, teygja, ístopp, bætur, og gengið frá jöðrum.

Stillið vélina eins og sýnt er. (1)

Bætur:


Setjið bótina á sinn stað og saumið hana eftir jöðrunum.

Gott er að stytta sporlengdina og sauma með styttri sporum. (A)



Þegar gert er við rifur er ráðlegt að setja efnisbút undir staðinn þar sem rifan er. Hægt er að breyta sporþéttleikanum að eigin smekk með því að breyta sporlengdinni. Byrjið að sauma í miðjunni og farið síðan til beggja átta. Allt eftir tegund efnis og stærðar á skemmdinni er e.t.v. ráðlagt að sauma 3 eða 5 umferðir. (B)

Til að ganga frá jöðrum er saumað eftir jaðrinum t.d. með zik zak sporum.



VAL Á SAUMUM

Þrefaldur beinn saumur: (1)


Fyrir sauma sem mikið reynir á.

Snúið stillinum fyrir sporlengd á "S1".

Vélin saumar nú tvö spor áfram og eitt spor afturábak.

Þetta býr til þrefalt beint spor.

Stillir fyrir sporlengd



1



Þriggja þrepa zik zak: (2)

Fyrir sauma sem reynir á, falda og til skrauts.

Snúið stillinn fyrir sporlengdina á "S1".

Þriggja þrepa zik zak hentar vel fyrir stöðug efni eins og denim, rífflað flauel o.þ.h.

Stillir fyrir sporlengd



2



Athugið:

Takið vélina úr sambandi við rafmagn með því að taka rafmagnsleiðsluna úr tenglinum. Þegar verið er að hreinsa vélina þá verður vélin ávallt að vera aftengd við rafmagn.

Fjarlægjið stingplötuna

Snúið handhjólinu þar til nálin er í efstu stöðu. Opnið lokið framan á vélinni og losið skrúfuna á stingplötunni með skrúfjárninu. (1)

Hreinsun á flytjara


Fjarlægjið spóluhúsið og notið burstann sem fylgir til að hreinsa allt svæðið. (2)

Hreinsun og smurning á gríparanum (3)


Fjarlægjið spóluhúsið. Smellið örmunum (a) til hliðar en þeir halda gríparanum. Fjarlægjið lokið yfir gríparanum (b) og gríparann sjálfan (c) og hreinsið með mjúkum klút. Smyrjið þau svæði sem eru merkt (d) og notið aðeins einn eða tvo dropa af góðri saumavélaolíu. Snúið handhjólinu þar til gríparadrifið (e) er í vinstri stöðu. Setjið gríparann (c) aftur á sinn stað. Setjið lokið (b) aftur á sinn stað, smellið örmunum (a) aftur á sinn stað. Setjið spóluhúsið í og stingplötuna á sinn stað, og festið henni.

Áríðandi:


Það þarf að hreinsa ló og tvinnaenda reglulega. Einnig ættu þið að láta umboðið fara reglulega yfir vélina.



1



2



3

GANGTRUFLANIR OG RÁÐ VIÐ ÞEIM

Vandamál	Orsök	Ráð
Yfirtvinninn slitnar	1. Vélin er ekki rétt þrædd. 2. Yfirtvinnaspennan er of stíf. 3. Tvinninn er of grófur fyrir nálina. 4. Nálin er ekki rétt sett í vélina. 5. Tvinninn hefur flækst um keflispinnann 6. Nálin er skemmd.	1. Þræðið vélina á ný. 2. Losið á yfirtvinnaspennunni(á lægri tölu) 3. Notið grófari nál. 4. Fjarlægjið og setjið nálina í á ný (flati kanturinn á að snúa aftur) 5. Fjarlægjið keflið og vindið tvinnann á það. 6. Setjið nýja nál í vélina.
Undirtvinninn slitnar	1. Spóluhúsið er ekki rétt sett í gríparann. 2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt. 3. Spennan á undirtvinnanum er of stíf.	1. Fjarlægjið og setjið spóluhúsið síðan aftur í gríparann,og togið í tvinnann. Tvinninn ætti að renna með lítilli en smávegilegri mótstöðu. 2. Athugið bæði spóluna og spóluhúsið. 3. Losið um tvinnaspennuna á undirtvinnanum.
Vélin hleypur yfir	1. Nálin er ekki rétt sett í vélina. 2. Nálin er skemmd. 3. Röng nál eða rangur nálargrófleiki. 4. Saumfóturinn er ekki rétt settur á vélina.	1. Fjarlægjið og setjið nálina aftur í vélina (flati kanturinn aftur) 2. Setjið nýja nál í vélina. 3. Veljið nál sem hentar tvinnanum og efninu. 4. Athugið og setjið hann rétt á fótölduna.
Nálin brotnar	1. Nálin er skemmd. 2. Nálin er ekki rétt í nálarhöldunni. 3. Rangur nálargrófleiki fyrir efnið. 4. Rangur saumfótur er á vélinni.	1. Setjið nýja nál í vélina. 2. Setjið nálina rétt í nálarhölduna (flati kanturinn aftur). 3. Veljið nál sem hentar tvinnanum og efninu. 4. Veljið réttan saumfót.
Laus spor	1. Vélin er ekki rétt þrædd. 2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt. 3. Samsetning nálar, efnis og tvinna er ekki rétt. 4. Tvinnaspennan er ekki rétt stillt.	1. Yfirfarið þræðingamar. 2. Þræðið spóluhúsið eins og sýnt er. 3. Nálargrófleikinn verður að henta efni og tvinna. 4. Leiðréttið tvinnaspennuna.
Saumurinn rykkist	1. Nálin er of gróf fyrir efnið. 2. Sporlengdin hentar ekki fyrir sauminn. 3. Tvinnaspennan er of stíf.	1. Veljið finni nál. 2. Styttið sporlengdina. 3. Losið á tvinnaspennunni.

Ójöfn spor Ójafn flutningur	1. Lélegur tvinni. 2. Spóluhúsið er ekki rétt þrætt. 3. Togað hefur verið í efnið.	1. Veljið betri tvinnagæði. 2. Fjarlægjið spóluhúsið og þræðið það rétt. 3. Togið ekki í efnið þegar þið saumið, látið vélina um að færa það.
Vandamál	Orsök	Ráð
Vélin er hávær	1. Það þarf að smyrja vélina. 2. Ló eða hörðnuð olía hafa safnast fyrir í gríparanum eða nálstönginni. 3. Léleg gæði af olíu hefur verið notuð. 4. Nálin er skemmd.	1. Smyrjið vélina eins og mælt er með. 2. Hreinsið gríparasvæðið eins og lýst er. 3. Notið aðeins góða tegund af saumavélaolíu. 4. Skiptið um nál.
Vélin er föst	Tvinni er fastur í grípararaufinni.	Fjarlægjið yfirtvinnann og spóluhúsið, snúið handhjólinu fram og til baka með höndunum til að losa um tvinnann. Smyrjið gríparasvæðið.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta vélinni og fylgihlutum hennar án fyrirvara, eða gera á vélinni breytingar. Slíkar breytingar verða hins vegar aðeins gerðar þannig að þær komi notendum til góða.

Hugbúnaðareign

VIKING, KEEPING THE WORLD SEWING & design og HJCLASS, eru öll vörumerki í eigu KSIN Luxembourg II, S.ar.l. HUSQVARNA og “kórónu- H-merkið” eru vörumerki í eigu Husqvarna AB. Öll vörumerki eru notuð af VSM Group AB samkvæmt leyfi eigenda.



Vinsamlegast athugið að þegar þessu tæki verður fargað þá verði það gert í samræmi við gildandi reglur um endurvinnslu á rafmagns og rafeindatækjum. Umboðsaðilinn getur gefið ykkur ráðleggingar ef með þarf.

CE - Alþjóðlegur dreifingaraðili

VSM Group AB, **SVP Worldwide**
Drottningatan 2, SE-56184, Huskvarna, SWEDEN



www.husqvarnaviking.com www.pfaff.is Grensásvegi 13,
108 Reykjavík